

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Jökulhálsvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1995.

Breytingin felst í því að vegur úr Eysteinsdal framlengist um 1.500 m inn á svæði við norðanverðan Snæfellsjökul ásamt því að leiðrétt er lega vegarins til samræmis við núverandi legu. Enn fremur eru þrír hlutar vegarins 1.050 m, 170 m og 135 m kaflar, felldir brott og 200 m og 90 m kaflar koma í stað þeirra tveggja síðastnefndu með nýrri legu vegarins. Þrenn bílastæði, þar af tvö fyrir 10 bíla og eitt fyrir allt að 24 bíla, verða staðsett við framlenginguna.

Fyrirhugaður vegur er á óröskuðu svæði innan fjarsvæðis vatnsverndar, svæðis á náttúru-minjaskrá, innan Snæfellsjökulspjóðgarðs og að hluta á svæði fyrir vikurnámur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. desember 2008.

Bórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2009